

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 (2. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 20. september sl., um ofangreint mál á þingskjal 2. Félagið gerir eftirfarandi atriði frumvarpsins að umtalsefni.

I. Hækkun krónutöluskatta

Í ljósi þess að yfirlýst markmið fjárlagafrumvarpsins, sem frumvarp þetta fylgir, er að stuðla að lækkun verðbólgu, þykir FA skjóta einkar skökku við að lagt skuli til að krónutöluskattar og -gjöld sem hafa bæði bein og óbein verðlagsáhrif hækki um 7,7%. Hér er horfið frá þeirri leið sem farin var í sambærilegu frumvarpi á síðasta ári að miða hækkun krónutöluskatta við 2,5% verðbólgu markmið Seðlabankans. Áætluð áhrif á hækkun vísitölu neytluverðs eru enda meira en tvöfalt meiri en þá var áætlað; 0,2% í stað 0,08%.

FA bendir á að fyrirtæki á neytendamarkaði hafa þurft að takast á við miklar hækkanir launa og gífurlegar hækkanir á öllum aðfangakostnaði undanfarin misseri. Í sumum tilvikum valda hækkanir krónutöluskatta beinum verðhækkunum og í öðrum tilvikum má ætla að fyrirtæki neyðist til að velta hækkandi kostnaði af þeirra völdum út í verðlag. Þar má nefna sem dæmi hækkandi bifreiða- og eldsneytisgjöld, sem munu valda hækkun á kostnaði við vörudreifingu.

FA hvetur nefndina til að gera þá breytingu á frumvarpinu að krónutöluskattar verði óbreyttir eða hækki í mesta lagi um 2,5%.

II. Áfengisskattar

FA vill beina sjónum sérstaklega að áfengissköttum. Áfengisgjald mun hækka um 7,7% samkvæmt frumvarpinu. Í fríhafnarverzlunum kemur ofan á þá hækkun 150% hækkun gjaldsins – það á að hækka úr 10% af fullu áfengisgjaldi í 25%. Hækkunin í fríhafnarverzlunum verður þá samtals 169%.

Þessum hækkunum mótmælir FA harðlega. Áfengisskattar á Íslandi eru þeir hæstu í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Ekki er hægt að ganga lengra í gegndarlausri skattþeningu neytenda þessarar einu almennu neytluvöru og engri ríkisstjórn eða löggjafarsamkundu í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við dettur í hug að ganga jafnlangt.

Hér að neðan eru dæmi sem FA hefur reiknað út um áhrif hækkunar áfengisgjalds. Miðað er við að hlutfallið sem kemur í hlut framleiðanda eða heildsala af söluverði vörunnar verði óbreytt. Ofan á hækkun áfengisgjalds leggst svo álagning ÁTVR og virðisaukaskattur, en skilagjald breytist ekki. Þriggja lítra kassi af léttvíni hækkar um 600 krónur, flaska af léttvíni um 179 krónur, eins lítra vodkaflaska um 663 krónur og bjórflaska um tæplega 25 krónur – sem þýðir þá að kippan hækkar

um tæplega 150 krónur. Vekja má athygli á því að ríkið tekur í sinn hlut 92,3% af útsöluverði vodkaflöskunnar, 73,4% af verði kassavínsins og 61% af verði bjórflöskunnar.

Verð í Vínbúðinni 2022 með núverandi áfengisgjöldum

	Kassavín 3 l 12,5%	Léttvín 0,75 l 13,5%	Sterkt áfengi (gin) 1 l, 40%	Bjór 0,33 l, 5%
Áfengisgjald	3.697,7	1.014,6	6.508,0	119,8
Skilagjald	0	28,52	28,52	25,62
Framlegð ÁTVR	1.071,8	329,7	834,8	53,5
Virðisaukaskattur	772,9	237,7	857,1	38,5
Heildsali/framleiðandi	2.256,7	788,4	420,5	151,6
Samtals (verð úr búð)	7.799,0	2.399,0	8.649,0	389,0

Líklegt verð í Vínbúðinni 2023 miðað við skattahækkun í fjárlagafrumvarpi

	Kassavín 3 l 12,5%	Léttvín 0,75 l 13,5%	Sterkt áfengi (gin) 1 l, 40%	Bjór 0,33 l, 5%
Áfengisgjald	3.982,1	1.092,7	7.009,2	129,0
Skilagjald	0	28,52	28,52	25,62
Framlegð ÁTVR	1.154,2	354,4	898,9	56,8
Virðisaukaskattur	832,3	255,5	922,8	41,0
Heildsali/framleiðandi	2.430,2	847,4	452,8	161,2
Samtals (verð úr búð)	8.398,9	2.578,5	9.312,2	413,7

Ef litið er á líklegar verðbreytingar í Fríhöfninni er ögn snúnara að reikna dæmið þar sem álagning hennar er ekki föst og lögbundin eins og hjá ÁTVR. Jafnframt er það ekki heildsalinn eða framleiðandi áfengisins sem stendur skil til ríkissjóðs á áfengisgjaldinu áður en varan er afhent Fríhöfninni, heldur greiðir Fríhöfnin það eftir á. Hér að neðan eru hins vegar nokkur raunhæf dæmi um líklegar verðbreytingar. Hér er gert ráð fyrir að framlegð Fríhafnarinnar af hverri vöru sé sama prósentu og í dag.

Verð í Fríhöfninni 2022 með núverandi áfengisgjöldum

	Kassavín 3 l 12,5%	Léttvín 0,75 l 13,5%	Sterkt áfengi (gin) 1 l, 40%	Bjór 0,33 l, 5%
Áfengisgjald	369,8	101,5	650,8	12,0
Skilagjald	0	28,52	28,52	25,62
Framlegð Fríhöfnin	3.279,2	974,0	2.530,7	138,6
Heildsali/framleiðandi	1.350,0	1.195,0	1.680,0	107,0
Samtals (verð úr búð)	4.999,0	2.299,0	4.890,0	283,2

Líklegt verð í Fríhöfninni 2023 miðað við skattahækkun í fjárlagafrumvarpi

	Kassavín 3 l 12,5%	Léttvín 0,75 l 13,5%	Sterkt áfengi (gin) 1 l, 40%	Bjór 0,33 l, 5%
Áfengisgjald	995,5	273,2	1.752,3	32,3
Skilagjald	0	28,52	28,52	25,62
Framlegð Fríhöfnin	4.467,6	1.100,8	3.718,8	157,9
Heildsali/framleiðandi	1.350,0	1.195,0	1.680,0	107,0
Samtals (verð úr búð)	6.813,1	2.597,5	7.179,7	322,7

Hér má sjá að léttvínskassi sem kostar í dag um 5.000 krónur gæti hækkað um rúmlega 1.800 krónur og ginflaska á svipuðu verði um hátt í 2.300 krónur. Léttvínsflaska sem í dag kostar tæplega 2.300 krónur gæti hækkað um 300 krónur og bjórkippa, sem í dag selst á tæplega 1.700 krónur gæti hækkað um 237 krónur.

Fyrir utan áhrifin á neytendur munu þessar skattahækkanir hafa afar neikvæð áhrif á ýmsa atvinnustarfsemi. Samkeppnisstaða ferðapjónustunnar og veitingageirans mun þannig versna. Þetta veit ráðherra sem leggur frumvarpið fram mætavel. Bjarni Benediktsson sagði í beinni útsendingu á vef Sjálfstæðisflokksins 10. júní 2021, aðspurður um skattlagningu á áfengi:

„Það er mín skoðun að við séum komin algjörlega út í ystu mörk á skattlagningu. Þá er ég einfaldlega að vísa til þess að við erum líklega með eina dýrustu bjórkrús í Evrópu. Mér finnst ekki endilega að það eigi að vera þannig. Mér finnst að við ættum að geta verið með sambærileg verð og eru í löndum sem eru á svipuðum slóðum og Íslandi. Það þýðir að við þurfum að taka áfengisgjöldin til endurskoðunar eða breyta áfengisgjöldunum fyrir veitingahús [...] Við þurfum líka að styrkja veitingahúsin, þau eiga að auka fjölbreytnina og bæta menninguna. Við höfum öll notið góðs af því að fá fleiri ferðamenn og þetta gerir lífið einfaldlega skemmtilegra að sjá veitingastaði og matsölustaði þrífast. Ef við erum með of há áfengisgjöld þá er minna svigrúm eftir til rekstrarins.“

Um þetta þarf ekki að hafa öllu fleiri orð, en þeim mun dularfyllra er að sami ráðherra geri nú tillögu um jafnbratta hækkun skatta sem komnir eru „algjörlega út í ystu mörk“.

Hækkun áfengisgjaldanna mun jafnframt koma illa við innlenda áfengisframleiðendur, ekki sízt minni framleiðendur sterkra drykkja sem selja stóran hluta framleiðslu sinnar í fríhafnarverzlunum. Skattahækkunin hefur meiri áhrif á verð sterks áfengis en léttari drykkja, eins og sjá mátti í töflunum hér að ofan. FA gerði snöggan samanburð á verði nokkurra tegunda sterks áfengis í fríhafnarverzlunum á Íslandi og í nokkrum nágrannalöndum – svona eins og neytendur gera þegar þeir velja fyrir sér hvar sé hagstæðast að verza. Ekki voru allar tegundir til í öllum verzlunum. Rétt er að taka fram að hér er ekki gert ráð fyrir að álagning Fríhafnarinnar hækki í krónum talið, heldur eingöngu horft á áhrif hækkunar áfengisgjaldsins og verðhækkunin því líkast til vanmetin:

	Berlín	Kaupm.höfn	London	Barcelona	Keflavík	Hækkun á áfengisgjaldi*	Verð í Kef. 2023
<i>Hendrick's gin 1 44%</i>	6.524	6.509	4.450	6.107	6.999	1.210	8.209
<i>Bombay Sapphire 1 47%</i>	2.768	4.271	3.349	3.125	4.290	1.293	5.583
<i>Absolut Vodka 1 40%</i>	2.351	3.338	3.261	2.497	3.690	1.100	4.790
<i>Stolichnaya Vodka 1 40%</i>			1.594	2.219	2.999	1.100	4.099
<i>Johnny Walker Red label 1 40%</i>	3.464	4.084		2.864	3.499	1.100	4.599
<i>Chivas Regal 12 ára 1 40%</i>	3.881			5.125	5.790	1.100	6.890

*skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023

Þegar þessi tafla er skoðuð hlýtur sú spurning að vakna hvort tillagan um hækkun áfengisgjalds í fríhafnarverzlunum hafi verið hugsuð til enda og hvort það sé yfirleitt nokkurt vit í henni. Áfengið er nú þegar yfirleitt dýrast í Fríhöfninni í Keflavík, sem er í samkeppni við fríhafnarverzlanir í nágrannalöndunum. Áhrifin af hækkuninni munu verða þau að ferðamenn kaupa sterkt áfengi annars staðar og viðskipti Fríhafnarinnar dragast saman. FA vorkennir ekki ríkisbúðinni, en hefur eins og áður segir áhyggjur af áhrifunum á innlenda framleiðendur sem selja stóran hluta framleiðslu sinnar þar.

FA hvetur nefndina til að leggja til þá breytingu á frumvarpinu að fallið verði alfarið frá hækkun áfengisgjalds, bæði almennt og í fríhafnarverzlunum.

III. Tollar á franskar kartöflur

FA vill gera að umtalsefni fram komna breytingartillögu við frumvarpið, um að felldir verði niður tollar af frönskum kartöflum. Hinn 24. ágúst síðastliðinn sendi félagið matvælaráðherra og fjármálaráðherra erindi og hvatti stjórnvöld til að beita sér fyrir afnámi 76% tolls á franskar kartöflur, en sama dag birtust fréttir um að eini íslenzki framleiðandinn væri hættur framleiðslu á vörunni.

„Í ljósi þess að hæsti verndartollurinn í íslenzku tollskránni verndar ekkert lengur, hvorki innlenda kartöfluframleiðslu né eina innlenda iðnfyrirtækið sem framleiddi franskar kartöflur, hvetur FA matvælaráðherra og fjármálaráðherra eindregið til að beita sér fyrir því strax og Alþingi kemur saman í haust að tollurinn verði felldur úr gildi. Hægt er að hafa ýmsar skoðanir á réttmæti þess að neytendum sé sendur reikningurinn fyrir vernd íslenzkrar landbúnaðarframleiðslu, en það er með engu móti hægt að réttlæta að þeim sé sendur himinhár reikningur fyrir því sem ekkert er,“ sagði í erindi FA til ráðherranna. „Stjórnvöld hljóta auk þess að telja það skyldu sína, á tímum er verðbólga er í sögulegum hæðum, að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að lækka verð á neytluvörum. Afnáam tolls á franskar kartöflur er augljós leið til þess.“

Undanfarin ár hafa um 95% franska kartaflna, sem íslenzkir neytendur leggja sér til munnis, verið innflutt vara. Á franskar kartöflur leggst 76% tollur samkvæmt tollskrá og er það hæsti prósentutollur á matvöru sem hægt er að finna í tollskránni. Samkvæmt fráverzlunarsamningum við Kanada og Evrópusambandið eru franskar kartöflur fluttar inn á lægri tolli, sem er þó eftir sem áður gífurlega hár, eða 46% og veldur því að neytendur greiða hærra verð fyrir vöruna sem því nemur. Samkvæmt útreikningum FA greiða íslenzkir neytendur 300-400 milljónir króna á ári í tolla af frönskum kartöflum.

Félagið fékk um hæl svar frá matvælaráðuneytinu, þar sem fram kemur að matvælaráðherra hafi ekki aðkomu að ákvörðun tolls fyrir franskar kartöflur, þar sem varan beri einungis verðtoll (ekki krónutölutoll að auki, eins og margar búvörur). Heyri slíkur innflutningur því undir valdsvið fjármálaráðherra. Fjármálaráðuneytið fékk afrit af bréfinu. Þaðan hafa hins vegar engin svör borizt. Fjármálaráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 hinn 9. september síðastliðinn: *„Þetta er ekki á mínu borði. Þetta er hjá landbúnaðarráðherranum eða matvælaráðherranum, að vinna að tollfrelsi með landbúnaðarafurðir. Ég er hlynntur því að lækka tolla. Þetta er oft og tíðum bara skattur á íslenska neytendur.“*

Í ljósi þess að ráðherrarnir vísa hvor á annan hlýtur að koma í hlut Alþingis að höggva á hnútinn, líkt og þegar 59% tollur á kartöflusnakk var felldur úr gildi árið 2016 með sambærilegum rökum og þeim sem færð hafa verið fram varðandi afnáam tolls á franskar kartöflur. Snakktollurinn verndaði aðallega eitt fyrirtæki, Stjörnusnakk, sem framleiddi snakk úr innfluttu hráefni. Niðurfelling hans skilaði þeim ávinningi að um áramótin 2017 lækkaði innflutt snakk í verði um 22-43%. Innlenda framleiðslan fékk vissulega harðari samkeppni, en ekki verður annað séð en að Stjörnusnakk sé enn í blómlegum rekstri. Eftir afnáam tollsins hafa frumkvöðlar meira að segja sett á stofn nýtt snakkfyrirtæki, Ljótu kartöflurnar, sem framleiðir flögur úr íslenzkum kartöflum við góðan orðstír.

Í ljósi framangreinds hvetur FA nefndina eindregið til að gera breytingartillöguna um niðurfellingu tolla á franskar kartöflur að sinni.

IV. Að lokum

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við frumvarpið og tengd mál á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsögðu reiðubúið að funda með nefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA